

17. FUNDUR Í ÚTHLUTUNARNEFND UPPBÝGGINGARSJÓÐS VESTURLANDS

**BORGARNESI, MIÐVIKUDAGINN 20. SEPTEMBER 2021
KL. 10:00**

Fundur haldinn í úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Vesturlands, mánudaginn 20. september kl. 10:00 að Bjarnarbraut 8 í Borgarnesi.

Mæting úthlutunarnefnd: Helena Guttormsdóttir formaður, Sigríður Finsen og Brynjar Sigurðsson.

Forföll: Jónína Erna Arnardóttir og Kristján Sturluson.

Mæting fagráð: Ingunn Stefánsdóttir, Elva Ösp Magnúsdóttir og Trausti Gylfason.

Forföll: Ragnheiður Valdimarsdóttir, Guðsteinn Einarsson og S. Arnar Sæmundsson.

Auk þess sátu fundinn: Páll Brynjarsson, Ólafur Sveinsson, Ólöf Guðmundsdóttir, Helga Guðjónsdóttir, Svala Svavarsdóttir sem ritaði jafnframt fundargerð.

1. FUNDARSETNING

Formaður stjórnar setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Hún gaf Páli Brynjarssyni orðið sem fór yfir skipulag fundarins.

2. UMSÓKNIR UM STYRKI TIL ATVINNU- OG NÝSKÖPUNARSTYRKJA

Fagráð og stjórn sjóðsins ræddu allar umsóknirnar og fengu álit og mat frá atvinnuráðgjöfum. Samþykkt var að úthluta kr. 17.030.000 til 17 umsókna, en alls bárust 25 umsóknir um styrki.

Ingunn Stefánsdóttir vék af fundi þegar tekin var afstaða til umsóknar frá Jökli Helgasyni vegna vinatengsla. Sigríður Finsen vék af fundi þegar tekin var afstaða til umsóknar frá Kanpo Ísland ehf. vegna fjölskyldutengsla.

3. ÚTHLUTUNARHÁTIÐ

Rætt um tímasetningu á úthlutunarhátíð og ákveðið að starfsfólk SSV myndi klára að vinna það mál með formanni úthlutunarnefndar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:20.